

**34. fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar**  
fimmtudaginn, 6. mars, 2003, kl. 17:00 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mæting skv. undirskriftum.

**Dagskrá:**

1. Atvinnumál.
2. Fundargerð stjórnar INVEST ásamt tillögum bæjarstjóra sem lagðar voru fyrir fundinn.
3. Ráðstefna um Staðardagskrá 21.
4. Tillaga til þingsályktunar um aðgang allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu.
5. Frá Héraðsnefnd A-Hún: Yfirlit yfir greiðslur sveitarfélaga til Héraðsnefndar 2003.
6. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga: Fyrirhugaðar ráðstefnur 4. apríl nk.
7. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

1. **Atvinnumál.**  
*Bæjarstjóri greindi frá ferlinu í stefnumörkun í atvinnumálum sveitarfélagsins. Staðreyndaöflun, fyrri fundum stýrihóps og vinnufundum er lokið. Ætlunin er halda næsta fund stýrihóps ásamt bæjarráði hinn 18. mars nk. Stefnt er að því að lokaskýrsla verði frágengin 20. mars og verði lögð þann sama dag fyrir bæjarráð. Vonast er til að skýrslan verði til umfjöllunar í bæjarstjórn hinn 25. mars nk.*
2. **Fundargerð stjórnar INVEST ásamt tillögum bæjarstjóra sem lagðar voru fyrir fundinn.**  
*Lagt fram til kynningar. Nokkrar umræður urðu um tilfærslu ferða- og markaðsfulltrúa undir stjórn INVEST.*
3. **Ráðstefna um Staðardagskrá 21.**  
*Bæjarráð sér ekki ástæðu til að senda fulltrúa á ráðstefnu um Staðardagskrá 21 að svo stöddu en leggur til að stofnað verði til tímabundins starfshóps um umhverfismál. Tilnefndir verði 3 fulltrúar, 1 af hverjum lista. Starfshópurinn skili greinargerð um umhverfismál í sveitarfélaginu fyrir 1. maí nk.*
4. **Tillaga til þingsályktunar um aðgang allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu.**  
*Lagt fram til kynningar.*

**5. Frá Héraðsnefnd A-Hún: Yfirlit yfir greiðslur sveitarfélaga til Héraðsnefndar 2003.**

*Lagt fram til kynningar.*

**6. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga: Fyrirhugaðar ráðstefnur 4. apríl nk.**

*Kynntar eru tvær ráðstefnur 4. apríl nk. Annars vegar um rekstur félagslegra leiguíbúða sveitarfélaga og hins vegar ráðstefna um nýjar áherslur Evrópusambandsins á vegum utanríkisráðuneytisins. Bæjarráð felur húsnæðisnefnd að kanna hvort senda eigi fulltrúa á fyrri ráðstefnuna en sér ekki ástæðu að senda fulltrúa á ráðstefnu utanríkisráðuneytisins.*

**7. Önnur mál.**

**a) Lagt fram bréf frá Ástráði Haraldssyni hrl. vegna uppsagnar Ágústar Þórs Bragasonar.**

*Erindi bréfsins er að leita sátta sem feli í sér að hlutur Ágústar verði réttur án þess að til málaferla komi. Í bréfinu kemur fram að umbjóðandi lögfræðingsins, Ágúst Þór, telji að uppsögn hans hafi verið afráðin á grundvelli ómálefnalegra sjónarmiða, sé þar af leiðandi ólögmet og varði sveitarfélagið bótaskyldu. Bæjarráð felur bæjarstjóra að leita álits lögfræðings á bréfi þessu.*

*Auðunn Sigurðsson lagði áherslu á að mál þetta yrði leyst án þess að til málaferla komi.*

**b) Sameiginlegur fundur sveitastjórna Blönduóssbæjar, Skagafjarðar og Höfðahrepps er fyrirhugaður hinn 21. mars nk. Nánari gögn verða send bæjarfulltrúum.**

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 18:45

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson (sign.)

Hjördís Blöndal (sign.)

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Jóna Fanney Friðriksdóttir